

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun forstjóra Fangelsismálastofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Fangelsismálastofnun er ríkisstofnun samkvæmt lögum nr. 15/2016. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra hennar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. október 2015 frá forstjóra Fangelsismálastofnunar. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör forstjórans. Fram kemur að miklar breytingar hafi orðið á starfsumhverfi Fangelsismálastofnunar. Megi þar nefna að tekið hafi verið upp rafrænt eftirlit sem fullnustuúrræði. Þá hafi hönnun, bygging og skipulag nýs fangelsis hafist og fangarýmum fjölgað. Einnig hafi füngum sem afpláni fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu fjölgað í kjölfar laga-breytinga. Nú afpláni 150 einstaklingar fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu á hverjum tíma. Í bréfinu kemur einnig fram að auk fjölgunar skjólstæðinga séu nú um 450 einstaklingar sem bíði þess að afplána fangelsisrefsingu. Vinna vegna þeirra einstaklinga sé veruleg, enda mikilvægt að leita allra leiða til að koma í veg fyrir fyrningu refsinga, á sama tíma og niðurskurður hafi verið í fjárveitingum til Fangelsismálastofnunar. Gert sé ráð fyrir að nýtt fangelsi verði tekið í notkun árið 2016. Þar bætist við rúmlega 30 fangarými auk þess sem füngum á áfangaheimilum hafi verið fjölgað um liðlega tíu frá árinu 2012. Einnig sé framundan enn frekari fjölgun skjólstæðinga vegna hugsanlegrar rýmkunar á afplánun með rafrænu eftirliti og samfélagsþjónustu.

Með bréfum dagsettum 3. nóvember 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Fangelsismálastofnunar hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun forstjórans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun forstjórans.

Í svari innanríkisráðuneytisins dagsettu 27. nóvember 2015 segir að ráðuneytið geti tekið undir það sem fram komi í bréfi fangelsismálastjóra. Füngum sem afpláni fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hafi fjölgað og muni fangarýmum fjölga þegar nýtt fangelsi taki til starfa árið 2016.

Með bréfi dagsettu 8. janúar 2016 fékk forstjóri Fangelsismálastofnunar send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Fangelsismálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Markmið laganna er að fullnusta refsinga fari fram með öruggum og skilvirkum hætti og að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk. Jafnframt er markmið laganna að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómpóla að samfélaginu. Samkvæmt lögnum fer innanríkisráðherra með yfirstjórn fangelsismála. Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun er heimilt, með samningi, að fela öðrum verkefni, svo sem að hafa eftirlit með þeim sem afplána með samfélagsþjónustu og undir rafrænu eftirliti. Þá hefur Fangelsismálastofnun umsjón með rekstri fangelsa.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar er skipaður af innanríkisráðherra til fimm ára í senn. Forstjórinn skal vera lögfræðingur. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Forstjóri Fangelsismálastofnunar skipar forstöðumann fangelsis og fangaverði til fimm ára í senn.

Fangelsismálastofnun skal sjá til þess að fangaverðir hljóti viðhlítandi menntun og þjálfun í fangavarðafræðum þegar þörf er á. Fangelsismálastofnun er heimilt að semja við menntastofnun um að annast menntun fangavarða en skal eftir sem áður hafa umsjón og eftirlit með náminu. Ráðherra setur nánari reglur um nám fangavarða í reglugerð.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Fangelsismálastofnunar laun 28. júní 2011. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Breytingar og aukin umsvif í starfsemi Fangelsismálastofnunar gefa tilefni til breytinga á launakjörum forstjóra stofnunarinnar að gættu því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er rakið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Fangelsismálastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Fangelsismálastofnunar vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Fangelsismálastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber